



**BORGARBYGGÐ**



# Söfnun og eyðing dýraleifa

Íbúafundur 27. – 29. janúar 2020

Hrafnhildur Tryggvadóttir



# Forsagan

- Héraðsdýralæknir og eftirlitsdýralæknir funda með starfsmönnum sveitarfélagsins haustið 2017:
  - Skyldur sveitarfélagsins að taka við öllum úrgangi
  - Skyldur búfjáreigenda að skila aukaafurðum dýra á viðurkenndan stað
- Rætt í Byggðaráði, Umhverfis- skipulags- og landbúnaðarnefnd og sveitarstjórn



**BORGARBYGGÐ**

# Forsagan

- Fyrirkomulagið í öðrum sveitarfélögum skoðað:
  - Opnir gámar eða „hræbíl“?
  - Skagafjörður - við kostnaðargreiningu kom í ljós að hagstæðara var að sækja heim á bæi en að hafa opna gáma víðsvegar um sveitarfélagið
  - Dalabyggð hefur innleitt sambærilega þjónustu



**BORGARBYGGÐ**

# Forsagan

- Umhverfis- og landbúnaðarnefnd skipuð í júní 2019
- Málið tekið upp að nýju í nefndinni í október 2019
  - Ítrekun frá MAST
  - Fyrirspurnir og ábendingar frá búfjáreigendum
- UL- nefnd fjallaði um málið haustið 2019 og lagði til að ráðist yrði í tilraunaverkefni árið 2020
- Samþykkt að semja við HSS verktak um verkefnið



**BORGARBYGGÐ**

# Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003

- **8. gr.** Fyrirkomulag við söfnun og meðhöndlun úrgangs.

*Sveitarstjórn skal ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar **fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu**, eftir atvikum í samstarfi við aðrar sveitarstjórnir.*



**BORGARBYGGÐ**

# Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003

- **9. gr.** Söfnun og meðhöndlun úrgangs

*Allur úrgangur skal færður til viðeigandi meðhöndlunar, annaðhvort beint til endurnýtingar eða í söfnunar- eða móttökustöð, og þaðan til endurnýtingar eða förgunar, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð eða samþykktum sveitarfélaga*



**BORGARBYGGÐ**

# Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993

- **13. gr.** *Aukaafurðir dýra, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, skal meðhöndla, geyma, flytja, vinna eða eyða á þann hátt að ekki valdi hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra skaðlegra efna.[...]Ef aukaafurðir dýra teljast til úrgangs gilda um starfsemina ákvæði laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.*



**BORGARBYGGÐ**



# Reglugerð nr. 674/2017

- ...um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.
- **REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (\*)**



**BORGARBYGGÐ**

# Úr reglugerð EÞ og EB nr. 1069/2009

- 1) Aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis eru möguleg uppspretta áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra[...]
- 2) Aukaafurðir úr dýrum verða aðallega til við slátrun dýra til manneldis, framleiðslu afurða úr dýraríkinu, s.s. mjólkurafurða, og förgun dauðra dýra og framkvæmd ráðstafana til sjúkdómsvarna. Hver sem uppruni þeirra er, þá stafar af þeim áhætta fyrir heilbrigði manna og dýra og umhverfið. Verjast þarf slíkri áhættu á viðunandi hátt, annaðhvort með því að beina slíkum **afurðum í örugga förgun eða með því að nota þær í öðrum tilgangi, [...]**



**BORGARBYGGÐ**

# Gjaldskrá

Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, 23. gr.

- 1) Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélög skulu innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs [...]
- 2) Heimilt er að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila. Sveitarfélagi er einnig heimilt að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorpílata og/eða þjónustustig.



**BORGARBYGGÐ**

# Gjaldskrá

- Gjaldskráin byggir á gögnum frá MAST. Heimilt að nota búfjártölur sem álagningarstofn.
- Gjaldið er þjónustugjald -innheimt samhliða fasteignagjöldum
- Gjald fyrir söfnun og förgun dýraleifa í Borgarbyggð 2020:

Lítill bú	1-50 einingar	<b>kr. 25.000</b>
Meðalstór bú	51- 249 einingar	<b>kr. 59.500</b>
Stór bú	250 og fleiri einingar	<b>kr. 150.000</b>



**BORGARBYGGÐ**

# Gjaldskrá

- Fjöldi eininga á hverju búi er fundinn með því að margfalda fjölda búpenings með ákveðnum stuðlum sem eru mismunandi eftir tegundum búfjár. Stuðlarnir eru þessir:

Sauðfé og geitfé	0,20
Nautgripir	1,50
Hross	1,00
Svín	0,20
Hænsn	0,01



# Fyrirkomulagið

- Þjónustupantanir skulu berast á netfangið [dyraleifar@borgarbyggd.is](mailto:dyraleifar@borgarbyggd.is) fyrir klukkan 08:00 á þriðjudegi (24 tímum fyrir söfnun).
- Við pöntun þarf að koma fram; fjölda og tegund dýraleifa, hver pantar þjónustuna og staðsetning.
- Bíllinn hirðir alltaf á miðvikudögum og skilar á urðunarstað í Fíflholtum



**BORGARBYGGÐ**

# Tilraunaverkefni

- Eitt ár, frá 1. febrúar 2020
- Rennum dálítið blint í sjóinn með umfang og kostnað
- Verkefnið endurskoðað fyrir árslok 2020 og tekin ákvörðun um framhaldið
- Mikilvægt að fá ábendingar frá notendum þjónustunnar á [dyraleifar@borgarbyggd.is](mailto:dyraleifar@borgarbyggd.is)



**BORGARBYGGÐ**

# Takk fyrir!



**BORGARBYGGÐ**